

Opið bréf

Til stjórnar Leiklistarsambands Íslands

Ég undirritaður, Rúnar Guðbrandsson, óska eftir því að vera leystur alfarið frá því verkefni að sinna frekari störfum í aðalvalnefnd Íslensku leiklistarverðlaunanna, Grímunnar 2009. Það þýðir að ég óska eftir ógildngu atkvæða minna í seinni hluta kosninganna um verðlaunahafa Grímunnar í öllum flokkum sem valnefndin kaus um af tilnefningum sem fyrir lágu.

Ákvörðun þessa tek ég vegna þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað um setu mína í valnefnd, sem hefur verið reynt að gera tortryggilega. Hún samræmist þó öllum verklagsreglum og eðli Grímuverðlaunanna sem eru viðurkenning sem starfandi sviðslistamenn veita þeim verkefnum og listamönnum sem þeir telji að skari fram úr á hverju leikári. Skipulag kosninganna, vægi hvers atkvæðis og fjöldi valnefndarmanna kemur í veg fyrir að einn einstakur valnefndarmaður geti haft óeðlilega mikil áhrif á niðurstöðuna. Ég tel því setu mína og annarra valnefndarmanna hafna yfir allan vafa og hef lagt metnað minn í að sinna störfum mínum í valnefnd Grímunnar af trúverðugleika og fagmennsku. Þó svo að atkvæði mín séu aðeins lítill hluti þeirra atkvæða sem greidd eru og gætu ekki ein og sér haft nokkurt úrslitavald í því hver verðlaunin hljóti, þykir mér rétt að framansögðu að hefja kjörið enn frekar yfir allan vafa, hversu lítill sem hann kann að vera og að heiður Grímunnar gangi fyrir í einu og öllu, sem og þeirra listamanna sem hafa unnið með mér að sýningunni Steinar í djúpinu.

Rétt er að taka fram, að vegna verklagsreglna Grímunnar, veit ég ekki hverjir aðrir valnefndarmenn eru og hef ekki getað haft áhrif á störf þeirra.

Með ósk um að ef sýningin Steinar í djúpinu, eða listamenn hennar hljóta verðlaun, sé það öllum ljóst að ég hafi ekki átt nokkurn hlut þar að máli, heldur hafi svo orðið vegna þess faglega mats sem þeir valnefndarmenn sem fyrir eru, hafa lagt á störf þeirra.

Með vinsemd og virðingu

Rúnar Guðbrandsson

leikstjóri